

Ed. 258. Frumvarp til laga [106. mál]

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tíma-marki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.